

Samanburður á legu og hreinleika kálfa á mismunandi legusvæðum


Sigtryggur Veigar Herbertsson
Landbúnaðarháskóli Íslands

Inngangur

Legusvæði fyrir kálfa og geldneyti getur verið rimlagólf, legubásar, legupallar eða hálmsvæði. Þessar lausnir hafa hver sína kosti og galla m.t.t. fjárfestingarkostnaðar, viðhaldskostnaðar, vinnu, hreinleika og hegðun gripanna. Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að kálfar þrífast vel á hálmi (Anna Margrét Jónsdóttir o.fl. 2002). Með þessari rannsókn var ætlunin að bera saman mismunandi legusvæði á vinnu, hreinleika og leguhegðun gripanna.

Efni og aðferðir

Í rannsóknina voru notaðir 12 kálfar frá 3-6 mánaða. Athugaðar voru 3 ólíkar útfærslur af stíum, legubásar, legupallar og legusvæði með hálmdýnu (sjá mynd 1).



1. mynd. Afstöðumynd af tilraunaaðstöðunni

- Svæði 1: Ekki notað í rannsókn
- Svæði 2: hálmsvæði lokað fyrir aðgengi að svæði 3 og 4 með hliði 2
- Svæði 3 og 4: básar og legupallar til skiptis

Rannsóknin var framkvæmd í fjósi Landbúnaðarháskóla Íslands í 3.12.2010 – 14.01.2011, henni var skipt upp í 6 vikulöng tímabil. Þannig fóru kálfarnir tvisvar í hverja meðferð á rannsóknartímanum. Hverju tímabili var síðan skipt niður í 4 daga aðlögunartíma og 3 sólarhringa myndbandsupptöku.

Leguhegðun var athuguð með myndbandsupptöku síðustu þrjú daga hvers tímabils. Skráð var á 30 mín fresti hversu margir einstaklingar lágu. Legurými var haft ríflegt til þess að plássleysi hefði ekki áhrif á leguhegðun kálfanna (Faerevik et al., 2010).


Hreinleiki kálfanna var metin á kvarðanum 1-5 þar sem 1 var gefinn ef kálfar voru alveg hreinir.

Básar og legupallar voru hreinsaðir daglega á meðan á rannsókninni stóð, þá var hálmur bætt daglega í hálmstúna. Tími sem notaður var í ofangreint daglegt viðhald var mældur með myndbandsupptöku, og voru notaðir tímar frá öllu tímabilinu í þá tölfræðivinnu.

Ekki var tekið tillit til viðhaldi á sköfubúnaði eða útmokstri.

Niðurstöður

Munur fannst á hreinleika kálfanna þar sem þeir voru marktækt óhreinni á pöllum en í öðrum meðferðum (sjá mynd 2).




2. mynd. Hreinleiki kálfanna var metin á kvarðanum 1-5 þar sem hreinir kálfar fengu 1 í einkunn

Ekki reyndist munur á hversu langur tími fór í daglegt viðhald þar sem breytileiki á tímanum var tölverður á milli daga (sjá töflu 1).

	Tími sek	Staðal- skekka
Básar	120	101
Pallar	170	124
Hálmur	155	67
Meðaltal	148	

1. tafla. dagleg vinna við reglubundið viðhald af legusvæðunum.

Þegar leguhegðun kálfanna var skoðuð reyndist marktækur munur á milli básanna og annara meðferða í rannsókninni, þar sem lega var marktækt minni á básum. Að meðaltali lágu 5 kálfar á básum á móti 6 á pöllum og 7 á hálmnum.



3. mynd. Meðalfjöldi liggjandi kálfa á mismunandi legusvæði

Umræður

Enginn kálfur í rannsókninni reyndist vera óviðunandi óhreinn á meðan rannsókninni stóð, þó svo að munur hafi verið á hreinleika þeirra. Vinnan sem fór í daglegt viðhald stíanna var afar lítil eða að meðaltali rúmar 2 mínútur sem er viðunandi, hugsanlega mætti auka hreinleika kálfanna á legupöllum meira með aukinni vinnu við hreinsun pallanna, t.d. tvisvar á sólarhring í stað einu sinni á sólarhring.

Það virtist ekki hafa nein áhrif á leguhegðun kálfanna þó að legusvæðin væru óvarin, kálfarnir sóttu í það að liggja saman þegar pláss var til þess sem er í nokkru samræmi við niðurstöður Faerevik et al., (2010). Þessi samheldni gæti útskýrt hversvegna lega var meiri á pöllum og á hálmnum, þar sem þeir höfðu tækifæri til þess að liggja saman í þeim meðferðum.

Heimildir

Anna Margrét Jónsdóttir, Stefanía Nindel & Torfi Jóhannesson, 2002. Hálmur sem undirburður fyrir ungválfur *Freyr* 98: 42-44.

Faerevik G, Jensen MB & Boe KE, 2010. The effect of group composition and age on social behavior and competition in groups of weaned dairy calves. *Journal of dairy science* 93: 4274-4279